

### 37. sveitarstjórnarfundur Fljótshrepps, 10.01 2017, Végarði kl. 13.30

---

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson.

Oddviti sett fund og gengið var til dagskrár.

#### Dagskrá

1. Skýrsla oddvita
2. Skerðing á framlögum úr Jöfnunarsjóði
3. Sérstakar húsnæðisbætur, drög að reglum Fljótshrepps
4. Hönnunarsamkeppni Hengifoss
5. Áfangastaðurinn Austurland, innleiðing verkefnisins
6. Eignastýringarsafn
7. Vatnsréttindi Kárahnjúkavirkjunar, álagning fasteignaskatts
  - a) Bréf LV dags. 20.12 2016
  - b) Minnisblað lögmanns
8. Bréf
  - a) Sýslumaðurinn á Seyðisfirði dags. 15.12 og 21.12 2016
  - b) Þroskahjálp dags. 07.12 2016
  - c) Hollvinasamtök heilbrigðisþjónustu á Fljótshreppshéraði
9. Fjárbætur
  - a) Aflið
  - b) SOS barnaþorp
10. Fundargerðir
  - a) Húsnæfnd Végarðs 30.12 2016
  - b) Byggingar-og skipulagsnefnd 28.12 2016
  - c) HAUST 07.12 2016
  - d) Félagsmálanefnd 14.12 2016
  - e) Ársalir 13.12 2016
  - f) Fundur sveitarstjóra á Austurlandi með Austurbrú 06.12 2016
  - g) Samtök orkusveitarfélaga 10.11 2016
11. Önnur mál.

## 1. Skýrsla oddvita.

Hin árlega jólavist var spiluð í Végarði 30. Janúar. Spilað var á 10 borðum.

Dómnefnd vegna hönnunarsamkeppni Hengifoss hefur lokið störfum. Stefnt er að því að föstudaginn 10. febrúar verði tilkynnt um úrslit og tillögur kynntar í Végarði.

Umhverfis-og auðlindaráðuneytið hefur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga sett í gang áætlun sem miðar að því að fyrir árslok 2026 verði búið að skipta út dekkjakurli á öllum leik-og íþróttavöllum á landinu ,fyrir önnur hættuminni efni, þ.e.a. s þar sem svo háttar til að beint kurl kemst í beina snertingu við iðkendur. Sparkvöllur á Hallormsstað í eigu Fljótsdalshrepps og Fljótsdalshéraðs er lagður dekkjakurli. Engin ákvörðun hefur verið tekin um framtíð sparkvallarins eftir að skólahald lagðist af á Hallormsstað.

Oddviti sat fund sem Ferðafélag Fljótsdalshéraðs boðaði til 13. desember sl. Til umræðu var hvort setja eigi reglur um að banna húsbílum og öðrum svefnbílum að leggja bílum til gistingar utan merktra svæða á grundvelli lögreglusamþykktar sveitarfélaga á svæðinu. Stefnt er að öðrum fundi um málefnið í febrúar.

Veraldarvinir leita að verkefnum fyrir sjálfbæði á árinu 2017.

Endurgreiðsla ríkisins vegna refaveiða á árinu 2016 er kr. 440.914,- og vegna minkaveiða kr. 14.880,-

Samband íslenskra sveitarfélaga vekur athygli á breytingum á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald (heimagisting) og nýrri reglugerð þ.a.l. Með nýrri löggjöf verður einstaklingum heimilt að leigja út heimili sitt og aðra fasteign sem hann/hún hefur til persónulegra nota í allt að 90 daga á ári. Jafnframt er gert það skilyrði að tekjur einstaklings af leigu fari ekki yfir 2 milljónir kr. á ári. Þá eru í lögnum skýrð betur mörkin milli gististarfsemi í atvinnuskyni og tímabundinnar leigu af hálfu einstaklinga. Áhrifa breytinganna á að gæta m.a. í betri yfirsýn um gistiframboð, bættri skráningu og skilum skatttekna af gististarfsemi og einfaldara regluverki fyrir rekstrarleyfi.

Sýslumaðurinn á Seyðisfirði vekur athygli sveitarfélaga í umdæminu á erfiðri fjárhagsstöðu embættisins og óskar eftir liðsinni í að fá þar úr bætt. Fjárhagshalli er á embættinu og kröfur ríkisins eru um að áætlun verði gerð hvernig bætt verð úr hallarekstri. Þá eru framlög til embættisins ónóg í fjárlögum. Sýslumaður bendir á að nýtt embætti hafi frá upphafi fengið of lágar og skertar fjárveitingar í vöggugjöf.

## 2. Skerðing á framlögum úr Jöfnunarsjóði.

Á árunum 2012 og 2013 voru gerðar breytingar lögum og regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga , þannig að nokkur sveitarfélag sem skilgreind voru tekjuhá þ.a.m. Fljótsdalshreppur fá ekki lengur framlög úr sjóðnum. Í aðdraganda breytinga á lögum um sjóðinn og tilheyrandi reglugerð mótmæltu sveitarfélögin fyrirhuguðum breytingum og töldu þær hvorki réttmætar né löglegar. Á árunum 2013-2014 námu skv. upplýsingum frá Jöfnunarsjóði skert framlög til Fljótsdalshrepps um 20 millj kr. án vaxta en ekki liggja fyrir upplýsingar um skerðingar vegna árána 2015-2016. Málið hefur nú verið tekið upp að nýju og sveitarstjórn samþykkir að Fljótsdalshreppur taki þátt í að stefna innanríkisráðherra, til viðurkenningar á ólögmati skerðingu lögbundinna fjárfamlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Lögmaður Grímsnes-og Grafningshrepps fer fyrir málinu.

## 3. Sérstakar húsnæðisbætur, drög að reglum Fljótsdalshrepps.

Drög að reglum kynntar en verða teknar til afgreiðslu á næsta fundi. Sveitarstjórn samþykkir að nemendur á aldrinum 15-17 ára sem nutu húsaleigubóta fyrir áramót fái greiddar húsnæðisbætur á sama hátt og verið hefur, þar til nýjar reglur hafa verið settar.

#### 4. Hönnunarsamkeppni Hengifoss.

Dómnefnd hefur lokið störfum og niðurstaða hennar verður kynnt 10. Feb. í Végarði. Sveitarstjórn mun fjalla um niðurstöðuna á næsta fundi.

#### 5. Áfangastaðurinn Austurland, innleiðing verkefnisins.

Oddvita falið að skrifa undir yfirlýsingu þess efnis að sveitarfélagið verði þátttakandi í næsta skrefi verkefnisins, sem er innleiðing.

#### 6. Eignastýringarsafn.

Samþykkt að segja upp eignastýringu í Landsbankanum. Skoðað verður með aðra ávöxtunarmöguleika fyrir þá fjármuni sem þar eru.

#### 7. Vatnsréttindi Kárahnjúkavirkjunar, álagning fasteignaskatts.

- a) Bréf LV dags. 20.12 2016. Í bréfi Landsvirkjunar dags. 20.12 2016, sem undirritað er af forstjóra og yfirmanni lögfræðimála, kemur fram að skilningur fyrirtækisins eftir úrskurð Yfirfasteignamatsnefndar um álagningu fasteignaskatts á vatnsréttindi, sé að Landsvirkjun skuldi Fljótsdalshreppi kr. 1.268.623,- og hafi upphæðin verið greidd á bankareikning sveitarfélagsins sama dag og bréfið er ritað.

Sveitarstjórn telur rétt að krefjast vaxta vegna þess sem vangaldið var í fasteignagjöldum LV á árinu 2016 og felur oddvita og lögfræðingi sveitarfélagsins, að upplýsa Landsvirkjun um þá afstöðu.

- b) Minnisblað lögmanns. Fyrir liggur úrskurður yfirfasteignamatsnefndar varðandi kæru Landsvirkjunar um endurmat vatnsréttinda vegna þjóðlenda, en því máli var vísað frá.

Einnig liggur fyrir úrskurður nefndarinnar um gjaldflokk vatnsréttinda Kárahnjúkavirkjunar. Samkvæmt úrskurðinum ber að leggja fasteignaskatt á vatnsréttindin samkvæmt gjaldflokki A, en ekki skv. gjaldflokki C eins og álagning Fljótsdalshrepps var á árinu 2016.

Við álagningu fasteignagjalda 2017 mun Fljótsdalshreppur leggja á fasteignagjöld samkvæmt úrskurði nefndarinnar þ.e. skv. gjaldflokki A á vatnsréttindi Kárahnjúkavirkjunar í Fljótsdalshreppi, utan og innan þjóðlenda, en áskilur sér rétt til þess að reyna á málið síðar.

#### 8. Bréf

- a) Sýslumaðurinn á Seyðisfirði dags. 15.12 og 21.12 2016. Varðar óskir sýslumanns um að kröfur vegna opinberra gjalda sem ekki hefur tekist að innheimta vegna þess að aðilar eru farnir úr landi, verði færðar á afskriftarreikning. Annarsvegar kröfur að upphæð kr. 1.428.662- á grundvelli þess að þær kröfur eru fyrndar, og hinsvegar kr. 75.383- þar um er að ræða færslu kröfu á biðreikning. Samþykkt.

b) Þroskahjálp dags. 07.12 2016. Þroskahjálp hvetur sveitarfélög til að huga sérstaklega að aðstæðum og þörfum fólks með þroskahömlun og fatlaðs fólks almennt ,þegar þeir gera áætlanir í húsnæðismálum. Kynnt.

c) Hollvinasamtök heilbrigðisþjónustu á Fljótsdalshéraði. Þakkarbréf vegna styrks. Kynnt

## 9. Fjárbeiðnir

a) Aflið. Hafnað.

b) SOS barnaþorp. Hafnað.

## 10. Fundargerðir

a) Húsnefnd Végarðs 30.12 2016. Fundargerðin kynnt. Umræður urðu um alþrif hússins og hvort þörf er á að gerð sé ein alsherjar hreingerning á ári. Anna Jóna lagði fram tillögu um að Búnaðarfélagi Fljótsdalshrepps verði falin slík þrif á húsinu og fái greitt fyrir frá sveitarfélaginu, jafnt og hreingerningarfyrtæki tæki fyrir slíkt verk.

b) Byggingar-og skipulagsnefnd 28.12 2016. Fundargerð kynnt og samþykkt.

c) HAUST 07.12 20016. Kynnt.

d) Félagsmálanefnd 14.12 2016. Kynnt.

e) Ársalir 13.12 2016. Kynnt.

f) Fundur sveitarstjóra á Austurlandi með Austurbrú 06.12 2016. Kynnt.

g) Samtök orkusveitarfélaga 10.11 2016. Kynnt.

## 11. Önnur mál.

a) Sveitarstjórn samþykkir eftirfarandi bókun um neyðarbraut sjúkraflugs á Reykjavíkflugvelli:

Í ljósi þeirrar alvarlegu stöðu sem endurtekið hefur komið upp varðandi sjúkraflug og aðgengi að neyðarþjónustu á Landspítala, krefst sveitarstjórn Fljótsdalshrepps þess að þriðja flugbraut Reykjavíkflugvallar verði opnuð án tafar. Mikilvægt er að brautin sé starfhæf þangað til önnur ásættanleg lausn er fundin varðandi sjúkraflug eða neyðarþjónusta hefur verið byggð upp víðar á landinu en í Reykjavík.

b) Oddviti sagði frá símtali frá starfsmanni Umhverfissráðuneytis þess efnis að nefnd/fagráð væri nú að störfum við að endurskoða Náttúrminjaskrá og ósk Fljótsdalshrepps, Fljótsdalshéraðs og viðkomandi landeigenda frá árinu 2014, um að svæði 618 ( Ranaskógur/Gilsárgil) á Náttúruminjaskrá yrði minnkað, hefði verið vísað í vinnslu hjá nefndinni.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.15

Fundargerð er rituð í tölvu af Þorvarði.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)